

Verklagsregla um microtese-meðferðir og tæknifrjóvgunarmeðferðir tengdar þeim

Almennt um greiðslupátttöku í meðferð sem ekki er í boði á Íslandi

Samkvæmt 23. gr. laga um sjúkratryggingar greiða Sjúkratryggingar fyrir meðferð erlendis, ef meðferðin er ekki í boði á Íslandi, meðferðin er alþjóðlega viðurkennd og brýn nauðsyn er á að fá hana framkvæmda. Sækja þarf um greiðslupátttöku til Sjúkratrygginga. Sérstakur ráðgjafahópur lækna veitir ráðgjöf við ákvörðun um hvort greiðslupátttaka sé veitt.

Ef greiðslupátttaka er samþykkt greiða Sjúkratryggingar allan kostnað við microtese-meðferðina. Sjúkrahús erlendis getur sent Sjúkratryggingum reikning fyrir þeim hluta meðferðarinnar.

Allar rannsóknir, sem erlendi meðferðaraðilinn telur nauðsynlegt að gera áður en microtese-meðferðin fer fram, skulu gerðar á Íslandi ef hægt er að framkvæma þær hér á landi. Ef slíkar rannsóknir eru samt sem áður gerðar erlendis má búast við því að Sjúkratryggingar greiði þær ekki að fullu, heldur verði greiðslupátttaka hin sama og ef rannsóknin hefði verið gerð á Íslandi. Ef slíkar rannsóknir lengja ferðatíma erlendis verða dagpeningar ekki greiddir fyrir alla daga ferðarinnar.

Greiðslupátttaka í IVF meðferð (tæknifrjóvgunarmeðferð) sem fylgir microtese-meðferð

Greitt er fyrir tæknifrjóvgunarmeðferðina sem fylgir microtese-meðferð á sama hátt og fyrir tæknifrjóvgunarmeðferð sem fram fer hér á landi.¹

Upplýsingar um greiðslupátttöku í meðferð sem fer fram hér á landi má finna í 2. gr. reglugerðar nr. 1579/2024.² Þannig er endurgreiðsla í fyrstu meðferð allt að 150.000 kr., en allt að 400.000 kr. í annarri til fjórðu meðferð. Engin greiðslupátttaka er í meðferðum eftir það.

Ef gjald fyrir meðferðina erlendis er hærra en hér á landi greiða Sjúkratryggingar mismuninn. Þó er að hámarki miðað við að meðferðin kosti 950.000 kr.³

¹ Þetta byggir á 11. gr. reglugerðar nr. 712/2010 um brýna meðferð erlendis, en þar kemur fram að sjúkratryggðir skuli greiða fyrir tæknifrjóvgunarmeðferð eftir sömu reglum og ef meðferðin hefði farið fram á Íslandi.

² Sjá reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjóvganir sem veittar eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands. Aðgengileg á <https://island.is/reglugerdir/nr/1579-2024>.

³ Miðað er við kostnað á Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi, þar sem Sjúkratryggingar hafa gert samning um fósturvísagreiningar.

Dæmi um útreikning:

Tæknifrjóvgunarmeðferðin eftir microtese erlendis kostar 950.000 kr. eða meira, en á Íslandi miðar endurgreiðsla við verðið 150.000 kr. eða 400.000 kr. Ef um er að ræða 2.-4. meðferð þá er greiðslupátttakan í samræmi við það sem einstaklingur greiðir fyrir meðferðina erlendis en að hámarki allt að 400.000 kr.

Auk þess greiða Sjúkratryggingar þó mismuninn á kr. 590.000, sem er verð hjá þjónustuveitanda á Íslandi, og verðs erlendis þó með hámarkinu 950.000 ($950.000 - 590.000 = 360.000$ kr.).

Athugið að Sjúkratryggingar greiða aldrei meira en raunverð meðferðar.

Hámarks möguleg greiðslupátttaka væri þannig 400.000 kr. + 360.000 kr. (þ.e. $950.000 - 590.000$) = **760.000 kr.**

Í framkvæmd þurfa sjúkratryggðir í flestum tilvikum að greiða fyrir tæknifrjóvgunarmeðferðina í kjölfar microtese og óska síðan eftir endurgreiðslu frá Sjúkratryggingum.

Hvað er innifalið í heilli tæknifrjóvgunarmeðferð

Í 1. gr. reglugerðar nr. 1579/2024 kemur fram hvað felst í einni meðferð. Segir þar að tæknifrjóvgun hefjist með því að kynfrumum, eggi eða sæði, er safnað. Kynfrumur eru ýmist frystar eða egg frjóvgað og tilbúnir fósturvísar frystir eða settir upp. Hverri meðferð lýkur með einni uppsetningu fósturvísis eða fósturvísa, óháð því hve margir fósturvísar kunna að hafa orðið til í ferlinu.

Ef enginn nothæfur fósturvísir fæst eða ef ákveðið er að frysta fósturvísa og hefja eggheimtu þegar á ný, í stað þess að setja upp fósturvísi, telst meðferð einnig lokið.

Ný meðferð hefst þá með undirbúningi nýrrar eggheimtu og þarf og þarf Sjúkratryggingum þá að berast ný umsókn um meðferð erlendis.

Greiðsla ferðakostnaðar og dagpeninga vegna microtese-meðferðar

Dagpeningar verða greiddir til þess einstaklings sem undirgengst-microtese meðferðina og foreldris sem mun ganga með barn. Greitt er fyrir fargjald og dagpeninga til og með þess dags sem uppsetning fósturvísis er gerð (ef til er fósturvísir af nægum gæðum til uppsetningar). Inni í þessum tíma getur verið undirbúningstími sem þjónustuveitandi erlendis metur nauðsynlegan. Dagpeningar eru einnig greiddir fyrir heimferðardag.

Misjafnt getur verið hversu langur meðferðartími er nauðsynlegur erlendis vegna microtese-meðferðar og uppsetningar fósturvísis. Sjúkratryggingar meta fyrir hversu marga daga dagpeningar eru greiddir hverju sinni. Ef meðferðartími fyrir uppsetningu fósturvísis er óvenjulega langur verður dagpeningagreiðsla miðuð við þann fjölda daga sem miðað er við hjá Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi, sem Sjúkratryggingar hafa gert samning við, en það er að jafnaði fjórir dagar að ferðadögum meðtöldum.

Geymslugjald

Ef til verða fósturvísar sem hægt er að frysta að lokinni microtese og tæknifrjóvgunarmeðferð þá greiða Sjúkratryggingar **ekki** fyrir geymslu slíkra fósturvísa erlendis, nema geymslugjaldið sé hærra en samkvæmt upphæð í reglugerð nr. 1579/2024 um slíkt gjald hér á landi. Ef svo er þá er greiddur mismunur. Þetta er í samræmi við innlenda reglugerð þar sem geymslugjald fyrir frysta fósturvísa er almennt ekki greitt.

Að hámarki er miðað við að geymslugjald sé 105.000 kr. á ári⁴ og er þá að hámarki endurgreiddur mismunur á þeirri upphæð og 25.000. kr., samanber upphæð í reglugerð nr. 1579/2024.

Í framkvæmd þurfa sjúkratryggðir að leggja út fyrir kostnaðinum og fá síðan endurgreiðslu frá Sjúkratryggingum.

Uppsetning frystra fósturvísa sem fást eftir microtese meðferð

Þegar kemur að uppsetningu frystra fósturvísa er **ekki** greiðsluþátttaka samkvæmt innlendri reglugerð og sama gildir því um slíka meðferð erlendis. Ef uppsetning á frystum fósturvísi er kostnaðarsamari erlendis en samkvæmt innlendri reglugerð, greiða Sjúkratryggingar þó mismuninn.

⁴ Miðað er við kostnað á Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi, þar sem Sjúkratryggingar hafa gert samning um fósturvísagreiningar.

Að hámarki er miðað við að meðferðin kosti 260.000 kr.⁵ og er þá að hámarki endurgreiddur mismunurinn á þeirri upphæð og 100.000 kr. samanber upphæð í reglugerð nr.1579/2024.⁶

Í framkvæmd þurfa sjúkratryggðir að leggja út fyrir kostnaðinum og fá síðan endurgreiðslu frá Sjúkratryggingum.

Ferðakostnaður og dagpeningar, vegna uppsetningar á frystum fósturvísi, eru greiddir fyrir foreldri sem mun ganga með barnið. Ekki er greiddur ferðakostnaður fyrir maka, þar sem slík heimild byggir á læknisfræðilegri nauðsyn.

⁵ Miðað er við kostnað á Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi, þar sem Sjúkratryggingar hafa gert samning um fósturvísagreiningar.

⁶ stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=9a83d5bd-e7b2-4332-87bc-e025a02297d9.